

- 14** 5. Forseti framlagði þar næst brjef frá Jóni sýslumanni Johnsen, 12. marz þ. á., þess efnis, að honum þætti óskilegt, að fá Svein búfrœðing til að ferðast einhvern tíma þetta sumar um Suðurmúlasýslu. Amtsráðið samþykkti að Sveinn færi austur á Eskifjörð til sýslumanns og ferðaðist svo um Suðurmúlasýslu til að leiðbeina mönnum við jarðabætur og einnig um Norðurmúlasýslu, ef sýslubúar svo vildu. Var gjörð áætlun um það, hvernig Sveinn skyldi verja tímanum og hvernig greiða skyldi ferðakostnað hans¹.
6. Því næst framlagði forseti landshöfðingjabrjef 8. f. m., þar er landshöfðinginn óskar álits amtsráðsins um meðfylgjandi beiðni Gunnars Ólafssonar frá Ási í Hegranesi um 400 kr. styrk af fje því, er til jarðræktar m. m. er lagt í 10. gr. C. 5. fjárlaganna, til þess að læra vefnað, þóf og fleira, er að tóskap lyti. Amtsráðið áleit, að óskilegt væri að styrkur þessi væri veittur, en af fje því, er getur um í 15. grein fjárlaganna. Amtsráðið leyfði sjer að benda landshöfðingjanum til þess, að stofnast hefði á næstliðnum vetri í Eyjafirði fjelag til tóvjelakaupa og tóvinnu, og hefði fjelagi þessu þegar borizt skýrsla um nýjan vefstól Albanusar í Kolding, er fjelaginu litist mjög vel á. Með því nú að fjelagið mundi eflaust fá fleiri skýrslur um spunavjellar, þófmýlnur o. s. frv., þá óskaði ráðið, að landshöfðinginn vildi hlutast til um, að beiðandinn stæði í sambandi við fjelag þetta, svo beiðandinn bæði fengi þær skýringar og leiðbeiningar hjá fjelaginu, er það gæti í tje látið, og hann veitti því aptur aðstoð sína að einhverju leyti.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

B.

15 Fundur amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 26. nóvember — 8. desember 1879.

Fundurinn var haldinn á Akureyri af forseta ráðsins, amtmanni Christjánssyni, með amtsráðsmönnum Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni.

Komu þessi mál til umræðu á fundinum :

1. Forseti framlagði frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra, er landshöfðingi hafði sent amtsráðinu til þess, að það segði um það álit sitt. Var frumvarp þetta nákvæmlega rétt og síðan samið álitsskjal um málið.
2. Þá voru lesin eptirrit eptir gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu, frá samtals 10 sýslunefndafundum, og þótti ekkert athugasvert við þau.
3. Því næst voru rannsakadir reikningar sýslusjóðanna fyrir árið 1878 úr öllum 6 sýslum amtsins, og fannst ekkert út á neinn þeirra að setja.
4. Samið yfirlit yfir fjárhag allra sýslusjóðanna árið 1878.
5. Forseti lagði fram brjef dags. 26. f. m. frá sýslumanninum í Eyjafjardarsýslu, þar sem hann mælist til þess, að amtsráðið styðji að því með tillögum sínum, að veitt verði úr landssjóði fje til að gera á næstkomanda sumri veg á Öxnadalsheiði Eyjafjardarmegin. Á vesturhluta þessarar heiðar hefir nú þegar verið gjörður vegur á kostnað landssjóðsins, og áleit amtsráðið nauðsynlegt, að eigi væri hætt við vegagjörðina á miðri heiðinni, heldur að henni yrði framhaldið yfir austurhlutann, og vildi því amtsráðið leyfa sjer að mæla hið bezta með því, að til þessa yrði veittar allt að 1000 kr. af því fje, er fjárlögin ætla til fjallvega.

1) Af þessari ferð Sveins varð ekki, fyrir þá sök að Múlasýslubúar gerðu mótbod móti honum.

6. Kom til umræðu hinn svo kallaði þingmannavegur, sem er aðalþjóðvegur og póstvegur yfir Vaðlaheiði milli Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu. — 19. sept. 1876 gjörði amtsráðið tillögu um það, hverjir vegir hjer í amtinu skyldu vera taldir fjallvegir, og var þingmannavegur þar á meðal. Tillögur amtsráðsins í þessu máli höfðu á sínum tíma allar verið samþykktar af landshöfðingja í auglýsingu um fjallvegi 9. nóv. s. á. að undanskildum þingmannavegi, er einn var eptir skilinn. Nú hagar svo til, að þessi vegur er einmitt fjölfarnari en nokkur annar fjallvegur í þessu amti, bæði vegna þess að hann er í nánd við Akureyri, og af því hann liggur upp frá botni Eyjafjarðar, er skerst 7 mílur inn í landið og hindrar allar landferðir til austurs og vesturs milli hinna ytri sveita í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu, en á hinn bóginn aðskilur hátt og ófært fjall hinar innri sveitir þessara sýslna. Amtsráðið varð því enn sem fyrri að álíta, að vegur þessi eigi sjálfsagt að teljast með fjallvegum landsins, en engan veginn með byggðavegum, samkvæmt lögum 15. okt. 1875, um vegina á Íslandi. Af þessum orsökum vildi amtsráðið leyfa sjer að fara þess á leit við landshöfðingja, að hann vildi ákveða, að þingmannavegur yfir Vaðlaheiði yrði hjer eptir talinn hinn 28. fjallvegur landsins.
7. Þá voru yfirskoðaðir sýsluvegareikningar fyrir árið 1878 úr öllum sýslum amtsins, og þótti eigi ástæða til að gera nema eina lítilfjörlega athugasemd við einn þeirra.
8. Samið yfirlit yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna ár 1878.
9. Forseti framlagði brjef dags. 19. marz þ. á. frá sýslumanni Húnvetninga, er fer þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar, að Jónas nokkur Guðmundsson á Stórugiljá fái verðlaun úr búnaðarsjóðnum fyrir það, að haun hefir lagt fyrir sig að grafa brunna, og alls starfað að grepti 54 brunna. Sýslunefndinni hafði þótt Jónas vinna hjeraði sínu þarfaverk með þessu, og vera verður launa fyrir það, án þess hún þó veitti honum neitt af sýslusjóði í því skyni. Amtsráðið áleit, að það gæti eigi orðið við þessari bön, bæði af því lítið fje væri til útbýtingar í sjóðnum, og í annan stað margt með að gjöra, er lá enn þá nær tilgangi sjóðsins. En amtsráðinu virtist vel til fallið, að sýslunefndin sjálf, sem bezt kann að meta það gagn, er Jónas hefir gjört sýslunni með brunna grefti sínum, þóknist honum eitthvað fyrir það af sjóði sýslunnar.
10. Þá var yfirskoðaður reikningur jafnaðarsjóðs amtsins fyrir 1878. Hafði forseti eigi getað sent hann í tókan tíma til hinna kosnu amtsráðsmanna, með því nokkur fylgiskjöl hafði vantað. Í reikningi þessum eru talin ýms gjöld til fangahúsanna í amtinu, þótt viðhald þeirra sje með lögum 2. nóv. 1877 lagt á landssjóðinn frá 1. jan. 1878. En bæði var það, að sumt af þeim kostnaði, sem hjer var færður jafnaðarsjóðnum til útgjalda á árinu, var í rauninni frá árinu á undan, og svo var hinu öðru þannig varið, að þó hinir keyptu munir væru eigi útvegaðir fyr en 1878, þá hefði að rjettu lagi átt að vera búið að útvega þá fyrri. Amtsráðinu virtist því sanngjarnt, að jafnaðarsjóðurinn borgaði þennan kostnað í þetta skipti. Annars áleit amtsráðið, að fangahúsið í Húsavík væri mjög óþarft og að eins til kostnaðarauka. Tvær smáar leiðrjettingar voru gerðar, sem teknar verða til greina í reikningnum fyrir 1879.
11. Því næst voru yfirfarnir reikningar nokkurra sjóða, sem eru undir umsjón amtsráðsins, allir fyrir árið 1878.

Þessir sjóðir eru:

1. Búnaðarsjóður norður- og austuramtsins.
2. Jökulsárbrúarsjóðurinn í Norðurmúlasýslu.

15

3. Gjafasjóður Guttorms Þorsteinssonar.
 4. Gjafasjóður Pjeturs Þorsteinssonar.
 5. Legat Jóns Sigurðssonar.
 6. Gjöf Jóns Sigurðssonar til Vallnahrepps.
 7. Styrktarsjóður handa fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum í Eyja-fjarðarsýslu og á Akureyri.
 8. Gjald til búnaðarskóla í norður- og austuramtinu.
12. Forseti framlagði brjef frá sýslumanni í Norðurmúlasýslu, er fer þess á leit, að amtsráðið leyfi sýslunefndinni þar að leggja allt að 300 kr. af sýsluvegasjóði til brúar á Eyvindará í Suðurmúlasýslu. Amtsráðið samþykkti, að verja mætti til brúar þessarar allt að þriðjungi af þessa árs sýsluvegagjaldi Norðurmúlasýslu, og ef nauðsyn þætti til bera jafnmiklum hluta 1880.
 13. Voru samþykktar tillögur úr Norðurmúlasýslu um það, hverjir vegir þar skyldu taldir sýsluvegir.
 14. Forseti framlagði brjef frá bæjarfógeta á Akureyri, þar sem hann tilkynnir, að Akureyrarkaupstaður afsali sjer tilkalli til stofu þeirrar í fangahúsinu, þar sem amtsbókasafnið er geymt.
 15. Þá komu til umræðu tvö brjef frá landshöfðingjanum, þar sem hann leitar álits amtsráðsins um það, hvornig verja eigi vöxtum af styrktarsjóði handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi. Tillögur beggja sýslunefndanna í Múlasýslunum um þetta efni voru fengnar og hafðar til hliðsjónar. Amtsráðið lagði fyrir sitt leyti til í þessu máli, að helminginum af þessa árs vöxtum af sjóðnum — en þeir eru taldir um 800 kr. — væri varið þannig, að búfræðingarnir Jónas Eiríksson í Suðurmúlasýslu og Guttormur Vigfússon í Norðurmúlasýslu fengu hvor fyrir sig 200 kr. til að ferðast um hvor í sinni sýslu og leiðbeina mönnum í því, sem lýtur að framförum í búnaðarefnum. Amtsráðið vildi koma því til leiðar, að í hverri sýslu þessa amts væri að minnsta kosti einn búfræðingur til að ferðast um, og að sýslan launadi honum sjálf með tiltölulegum styrk úr landssjóði, meðan fje verður veitt til þess í fjárlögunum. Þessi regla er nú þegar komin á í Húnavatnssýslu, og mundi einnig á komin í Þingeyjar-sýslu, ef búfræðingur sá, er þar var ráðinn til þessa, hefði eigi andazt á næstliðnu vori. Hinn helming vaxtanna af styrktarsjóðnum áleit amtsráðið, að í þetta skipti ætti að leggja við innstöðuna. En ráðið vænti þess, að bráðum mundi opnast vegur til að stofna búnaðarskóla í Múlasýslunum, og ímyndaði sjer, að þá yrði rjettast, að leggja vöxtu þessa sjóðs til viðhalds skólanum.
 16. Jónas búfræðingur Eiríksson í Suðurmúlasýslu hafði beðið um styrk til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og landmælinga, og síðar hafði komið frá honum ný beiðni um fjárstyrk til að fara til Kaupmannahafnar að læra þar betur búfræði. Til þess að uppfylla hina fyrri fjárbón hafði amtsráðið ekki annað fje undir hendi en vöxtuna af búnaðarsjóðnum, en af þeim höfðu verið sendar 200 kr. til Skotlands til verkfærakaupa eptir álykt ráðsins í fyrra vetur. Það sem nú var afgangi í sjóði voru að eins 70—80 kr.; og var eigi hægt að veita af því neitt, sem munaði, til að kaupa plóga, herfi, aktygi o. s. frv., enda virtist amtsráðinu eðlilegast, að þeir, sem sæju sjer hagsvon af að nota slík áhöld, útveguðu sjer þau sjálfir, hvort heldur það væru einstakir menn eða búnaðarfjelög. En amtsráðið veitti þar í mót Jónasi 50 kr. styrk til að kaupa sjer hallamæli og jarðnafar, er það áleit honum ómissandi að eiga. Hvað viðveik síðari fjárbón Jónasar um styrk til nýrrar utan-

ferðar, þá virtist amtsráðinu, að honum mundi fyrst um sinn nægja það, er hann hefir lært í búnaðarskólanum að Steini í Norvegi, þar sem Jónas hefir fengið mjög góðan vitnisburð í öllum þeim 26 námsgreinum, er þar eru kenndar.

17. Leiguliði á jörð, er tilheyrir legati Jóns Sigurðssonar, hafði óskað að fá ábúðarjörð sína til eignar í staðinn fyrir aðra jarðeign, er stjórn legatsins álitit jafnmikils virði og jafngóða eign. Amtsráðið leyfði sjer að bera undir álit landshöfðingja, hvort stjórnendur legatsins mundu hafa heimild til að semja um slík jarðaskipti.
18. Var samin

ÁÆTLUN

um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins á árinu 1880.

	Gjöld:	Kr. A.
1. Til gjafsóknarmála		400 "
2. — sáttamála		20 "
3. — heilbrigðismála		150 "
4. — menntunarmála		500 "
Þar af 400 kr. til kvennaskólans í Eyjafirði.		
5. — kennslu daufra og dumbra		840 "
6. — kostnaðar við amtsráðið		150 "
7. — fimmtu afborgunar fangahúsakostnaði	2124 kr. 66 a.	
og vaxta af 23,371 kr. 34 aur.	<u>934 — 85-</u>	3059 51
8. — óvissra gjalda		272 49
	sanatals	5392 "

Tekjur:

	Kr. A.
1. Í sjóði við byrjun ársins	1392 "
2. Niðurjöfnun 16 aur. á lausafjórðundað hvert	4000 "
	sanatals 5392 "

19. Kom til umræðu brjef frá umboðsmanni Eggert Gunnarssyni, þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd fjelags nokkurs í Eyjafirði, er kallað er framfarafjelag Eyfirðinga, 1) að fá 200 kr. styrk til verkfærakaupa, 2) 300 kr. til gripasýningar, og 3) meðmæli til hins konunglega landbúnaðarfjelags í Danmörku. Fyrstu bónina gat amtsráðið ekki veitt, með því það hafði ekki fje undir hendi til þess. Aptur vildi ráðið leggja til þess, að landshöfðingi veitti á sínum tíma, af því fje, er þessu amti hlotnaðist til eflingar búnaði, hæfilegan styrk til almennrar gripasýningar í Eyjafjarðarsýslu, ef sýslunefndin vildi sinna þessu máli og sjá um, að sýningin yrði sem bezt undirbúin, svo að hún gæti orðið að sem almennustum notum. Meðmæli til landbúnaðarfjelagsins danska vildi amtsráðið gefa framfarafjelagi Eyfirðinga, ef formaður þess sendi fyrst greinilega skýrslu um aldur, athafnir, fjelagsmannatal og efnahag þessa fjelags. því um allt þetta var amtsráðinu að svo komnu lítið kunnugt.
20. Þá var rætt um annað bónarbrjef frá Eggert umboðsmanni Gunnarssyni, þar sem hann beiðist 1) fjárstyrks til kvennaskólans í Eyjafirði af amtsjóði, 2) ábyrgðar fyrir láni, er kvennaskóli þessi kynni að fá úr landssjóði og 3) meðmæla amtsráðsins til að útvega skólanum fjártillög erlendis. Hina fyrstu af þessum bönum hafði amtsráðið þegar veitt með því að ánafna skólanum 400 kr. styrk í áætlun um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins næstkomanda ár. Hvað aðra bönina snertir, þá var amtsráðinu eigi nógu kunnugt um efnahag skólans, eður um það, hversu vel er sjeð fyr-

15 — Er viðhaldi hans framvegis. Virtist ráðinu bezt til fallið, að sýslunefnd Eyfirðinga tæki að sjer stjórn kvennaskólans eptirleiðis, og að hún útvegaði honum fje að láni á sína ábyrgð, ef skólinn þyrfti lán að taka. Samþykki til að taka slíkt lán, er sýslunefndinni þætti nauðsynlegt, vildi amtsráðið fúslega gefa henni. Þá vildi og amtsráðið gefa umboðsmanni Eggert Gunnarssyni sín beztu meðmæli til þess að útvega þessari þarflegu stofnun fjárstyrk erlendis.

21. Amtsráðið samdi tillögur um breyting á búnaðarskýrslum þeim, er hreppstjórar hafa hingað til gefið eptir framtali í fardögum ár hvert, þannig að í staðinn fyrir þessa skýrslu skyldu koma tvær skýrslur, önnur um lausafje, og hin um landeign, ábúd og landsnytjar. Voru skýrslusnið til búin að laga skýrslur þessar eptir svo sem amtsráðið hugsaði sjer þær, og ályktað að senda landshöfðingja þau með álits-skjalinu um frumvarp til reglugjörðar fyrir hreppstjóra.
22. Að síðustu samþykkti amtsráðið að veita 25 kr. þóknun úr jafnaðarsjóðnum fyrir skriptir við amtsráðið á yfirstandanda ári.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri 27. desbr. 1879.

Christiansson.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

16 — *Úrskurður* landshöfðingja um styrk handa ættfræðingi. — Bjarni Guðmundsson tómthúsmáður í Kirkjubogi suður í Höfnum hafði samkvæmt vottorðum áreiðanlegra manna lagt í 28 ár mjög mikla stund á að rita ættartölur og að rekja ættir merkismanna frá fyrri öldum niður til núlifandi manna og komið upp ættartölusafni á hjer um bil 750 arkir. Til þess að halda áfram þessum störfum var honum veittur 100 kr. styrkur af fje því, sem 15. gr. fjárlaganna um árin 1880 og 1881 ætlar til vísindalegra og verklegra fyrirtækja.

17 — *Brief* landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk til dýra- og myndasafns. — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 17. þ. m. hefi jeg af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir árin 1880 og 1881 er ákveðið til vísindalegra og verklegra fyrirtækja veitt skólakennara Benedikt Gröndal 200 kr. styrk fyrir árið 1880 til að halda áfram dýrasafni því og myndasafni íslenzkra dýra, sem hann nokkur ár hefir unnið að, og sem á sínum tíma á að taka inn í náttúrusögusafn lærða skólans. Af þessari upphæð er búið að veita nefndum skólakennara 100 kr. Hinn helminginn getur hann samkvæmt beiðni sinni fengið útborgaðan um lok júlímánaðar næstkomandi.

Jafnframt því að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, vil jeg skjóta því til yðar að sjá um, að Benedikt skólakennara Gröndal verði gefinn kostur á að auglýsa í næstu skólaskýrslu, hvað honum hafi orðið ágengt með nefnt dýra- og myndasafn, frá því að hann fyrst fór að fást við það, sbr. brjef landshöfðingja frá 8. marz 1875 (stjórnartíð. f. á. B. 11) og til útgöngu skólaársins 1879—80, svo og að eptirleiðis verði á sama hátt prentuð skýrsla um þetta í skólaskýrslu hvers einstaks skólaárs.